

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1396****2016/EES/05/37****frá 14. ágúst 2015****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar virka efnið  
*Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 78. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fæður

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB <sup>(2)</sup> var *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, (hér á eftir *Bacillus subtilis*) fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(3)</sup> sem virkt efni til notkunar sem sveppaeyðir.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(4)</sup>.
- 3) Hinn 22. janúar 2015 tilkynnti Holland framkvæmdastjórninni að rekstraraðilinn, sem lagði fram beiðni um að *Bacillus subtilis* yrði fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, færi fram á að skilyrðin fyrir notkun þess efnis gildi einnig um notkunina sem bakteríueyðir gegn *Erwinia amylovora* (perubrandur), en fyrir mistök vantaði það í skrána í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 4) Holland komst að raun um að rök styðji þá beiðni.
- 5) Auk þess var notkun efnisins sem bakteríueyðir metin í ferlinu vegna samþykkisins fyrir virka efni *Bacillus subtilis* og einnig fjallað um hana í endurskoðunarskýrslunni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 216, 15.8.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum metrafenóni, *Bacillus subtilis*, spinósaði og þíametoxami (Stjtið ESB L 43, 15.2.2007, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

6) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í 138. línu í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi í stað A-hluta dálksins „Sértæk ákvæði“:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir og bakteríueyðir.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

---